

Föstudaginn 13. maí 1977.

Nr. 144/1976. **Jónatan Þórmundsson**
Þorsteinn Sæmundsson
Þór Vilhjálmsson og
Ragnar Ingimarsson
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Rúnari Ármanni Arthúrssyni
 (Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af kröfu um miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, hæstaréttarlögmennirnir Guðmundur Ingvi Sigurðsson og Jón Finnsson og borgarfógetarnir Unnsteinn Beck og Þorsteinn Thorarensen.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 9. júlí 1976. Dómkröfur þeirra eru þessar:

a. Sérkröfur.

1. Áfrýjandi Jónatan Þórmundsson krefst þess, að ummæli, sem getur í I, 3 og 4 í héraðsstefnu, verði dæmd dauð og ómerk og stefnda gerð refsing fyrir þau.
2. Áfrýjandi Þorsteinn Sæmundsson krefst þess, að ummæli, sem greinir í I, 2 í héraðsstefnu, verði dæmd dauð og ómerk og stefndi dæmdur í refsingu fyrir þau.
3. Áfrýjandi Þór Vilhjálmsson krefst þess, að ummæli, sem greind eru í I, 5 og 6 í héraðsstefnu, verði dæmd dauð og ómerk og stefndi látinn sæta refsingu fyrir þau.

b. Sameiginlegar kröfur.

1. Að önnur ummæli, sem stefnt er út af, verði dæmd dauð og ómerk.
2. Að stefndi verði dæmdur í refsingu fyrir ummælin.
3. Að hverjum áfrýjenda verði dæmdar úr hendi stefnda

50.000 krónur í miskabætur með 9% ársvöxtum frá 5. júní 1974 til greiðsludags.

4. Að áfrýjendum verði sameiginlega dæmdar 25.000 krónur úr hendi stefnda til að kosta birtingu forsendna og niðurstöður dóms í máli þessu í opinberum blöðum.
5. Að dómur í máli þessu verði birtur í heild í fyrsta eða öðru tölublaði Stúdentablaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins.
6. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega málskostnað.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda.

Ummælin, sem málið er risið af, birtust í grein í Stúdentablaðinu, 1. tbl., sem kom út 25. janúar 1974, og í bréfi stefnda til rektors Háskóla Íslands, dagsettu 27. maí 1974, en bréf þetta var einnig birt í Stúdentablaðinu, 4. tbl., sem út kom 5. júní 1974. Greinin í blaðinu frá 25. janúar 1974 er óundirrituð, en stefndi, sem var á þessum tíma ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins, kveðst hafa ritað greinina. Bréfið til háskólarektors ritaði stefndi, og var það birt óbreytt undir fullu nafni stefnda í Stúdentablaðinu. Stefndi ber samkvæmi þessu ábyrgð á ummælunum, sem stefnt er út af, sbr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Ummælin, sem rakín eru í héraðsdómi, verða nú tekin til álita, og eru þau auðkennd á sama hátt og gert er í dómnum.

I.1. Ummæli þessi eru undir fyrirsögn, og skoðuð í samhengi við greinina, sem á eftir fer, verður ekki annað talið en að þau eigi að veita fræðslu um það, að áfrýjendur séu meðal þeirra, er beittu sér fyrir undirskriftasöfnun Varins lands. Virt í þessu ljósi þykja ummælin ekki refsiverð né verða þau dæmd dauð og ómerk. Stefndi verður því sýknaður að þessu leyti.

I.2. Með ummælunum, sem greinir í þessum lið, hefur höfundur í huga afstöðu áfrýjanda Þorsteins Sæmundssonar til svokallaðs innritunargjaldamáls, sbr. 21. gr. laga nr. 84/1970 um Háskóla Íslands, sem var mikið ágreiningsmál inn-

an Háskólans. Samkvæmt gögnum málsins eiga ummæli þessi engan rétt á sér. Þykja þau meiðandi aðdróttun og varða við 235. gr. alm. hegningarlaga. Ákvæði héraðsdóms um ómerking ummæla staðfestist.

I.3. Ummælin í þessum lið eru móðgandi fyrir áfrýjanda Jónatan Þórmundsson og varða stefnda refsingu samkvæmt 234. gr. alm. hegningarlaga. Ómerkja ber ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

I.4. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um ummælin í þessum lið.

I.5 og 6. Ummæli í þessum liðum þykja móðgandi fyrir áfrýjanda Þór Vilhjálmsson og varða stefnda refsingu skv. 234. gr. alm. hegningarlaga. Ómerkja ber ummælin skv. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Ummælin, sem tekin eru upp í héraðsstefnu með auðkenningunni II og III, eru samhljóða, svo sem áður greinir. Eru þau tekin saman til álita.

II.1. og III.1. Með þessum ummælum lætur stefndi í ljós álit sitt á því, hvað vakað hafi fyrir áfrýjendum með kæru sinni til háskólarektors, dagsettri 26. mars 1974, þar sem gerð var krafa um, að stefndi hlyti áminningu fyrir greinina, sem birtist í Stúdentablaðinu 25. janúar 1974. Ekki verður talið, að ummæli þessi séu meiðandi fyrir æru áfrýjenda, hvorki í skilningi 234. gr. né 235. gr. alm. hegningarlaga, og því ekki efni til að taka refsikröfu né kröfu um ómerkingu ummæla til greina. Verður stefndi sýknaður að þessu leyti.

II.2. og III.2. Ummælin í þessum liðum, skoðuð í samhengi við annað efni greinarinnar, sem þau birtust í, verða ekki talin meiðandi fyrir æru áfrýjenda, þannig að stefndi hafi með þeim unnið sér til refsingar. Verður því stefndi sýknaður að þessu leyti. Ekki er heldur ástæða til að ómerkja ummælin.

II.3. og III.3. Ummælin í þessum liðum eru meiðandi fyrir áfrýjendur og varða stefnda refsingu samkvæmt 234. gr. alm. hegningarlaga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummælanna.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 5. maí 1977, í mál-

inu nr. 143/1976: Bjarni Helgason o. fl. gegn Rúnari Ármanni Arthúrssyni, en áfrýjendur þessa máls voru einnig meðal aðilja þess, var stefndi dæmdur í 25.000 kr. sekt vegna ummæla, sem birtust í sömu grein og hér um ræðir í Stúdentablaðinu 25. janúar 1974. Áður er rakið, að áfrýjendur kærðu stefnda til háskólarektors fyrir ummælin, sem birtust í Stúdentablaðinu 25. janúar 1974. Háskólaráð veitti stefnda átölur á fundi sínum 2. maí 1974. Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, og samkvæmt 78. gr. alm. hegningarlaga kemur aðeins til álita að dæma stefnda hegningarauka, en þar eð refsing hans hefði ekki orðið þyngri en honum var mæld með dómi Hæstaréttar frá 5. maí sl., ef mál þessi hefðu verið rekin sem eitt mál, svo sem heimilt var, verður honum ekki gerð sérstök refsing í máli þessu.

Í fyrrnefndum dómi Hæstaréttar 5. maí sl. var stefndi dæmdur til að greiða hverjum áfrýjenda 15.000 kr. í miskabætur, eða samtals 180.000 kr. Þegar horft er til þessa og til hinna átöldu ummæla í þessu máli, eru ekki efni til að dæma áfrýjendum sérstakar miskabætur í máli þessu.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga er rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. í kostnað við birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Þá þykir skv. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1956 rétt að ákveða, að forsendur og dómsorð dóms þessa skuli birt í fyrsta eða öðru tölublaði Stúdentablaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins.

Við ákvörðun málskostnaðar þykir rétt að hafa hliðsjón af áðurgreindum dómi Hæstaréttar í málinu nr. 143/1976, en kostur var að sameina þessi tvö mál í eitt mál, enda stefndi sá sami í báðum, áfrýjendur þessa máls einnig meðal aðilja í hinu málinu og aðalkveikjan að báðum málunum var sama greinin í Stúdentablaðinu, sbr. 47. gr. og 70. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu og lyktum þessa máls að öðru leyti þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 75.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ummæli, sem greinir í liðum I,2, 3, 5 og 6, II,3 og III,3 hér að framan, skulu ómerk.

Refsing stefnda, Rúnars Ármanns Arthúrssonar, fellur niður.

Stefndi er sýkn af kröfu um miskabætur.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Birta skal forsendur og dómsorð dóms þessa í fyrsta eða öðru tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 75.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 25. mars sl., hafa Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Reykjavík, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Reykjavík, Þór Vilhjálmsson prófessor, Stigahlíð 73, Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. júní 1974, gegn Rúnari Ármanni Arthúrssyni, Njálsgötu 108, vegna ummæla, sem birtust í: I. Stúdentablaðinu, 1. tbl., er út kom 25. janúar 1974. II. Stúdentablaðinu, 4. tbl., er út kom 5. júní s. á., og III. bréfi til rektors Háskóla Íslands, dags. 27. maí 1974, sem lagt var fram á fundi Háskólaráðs.

Stefndi var ritstjóri og ábyrgðarmaður Stúdentablaðsins, þegar framangreint 1. tbl. þess kom út, en ummæli hans í 2. tbl. blaðsins eru í grein (bréfi), sem hann er nafngreindur höfundur að.

Ummæli þau, sem stefnendur telja ærumeiðandi fyrir sig og stefnt er út af, eru:

- I. Stúdentablaðið, 1. tbl., er út kom 25. janúar 1974. Óundirrituð grein, sem hefst á öftustu bls. og heldur áfram á 4. bls. Greinin ber yfyrskriftina: „Ameríkanasleikjur komnar á stjá“.
1. Undirfyrirsögnin: „Fjórir kennarar við Háskóla Íslands afhjúpa sig“.
 2. „ . . . Þegar hann gekk hvað harðast fram í því með hjálp annarra íhaldsmanna að reyna að setja SHÍ á hausinn . . . “
 3. „ . . . afhjúpa sig sem mömmudreng íhaldsins . . . “
 4. „ . . . árásir hans á stúdenta í skrifum í Mogganum í haust . . . “
 5. „ . . . Framagosann . . . “
 6. „ . . . vonlaust brölt vildarsveina . . . “
- II. Stúdentablaðið, 4. tbl., er út kom 5. júní 1974. Grein (bréf) á bls. 2, undirrituð af stefnda fullu nafni. Greinin ber fyrir sögnina: „Áminntur áminnir“.
1. „Krafa fjörmenniganna er að mínu áliti, fram komin af pólitískum ástæðum fyrst og fremst . . . “
 2. „Menn sem skipuleggja hreyfingu meðal landa sinna, um að óska eftir áframhaldandi hersetu erlends stórveldis á Íslandi, geta að mínu mati ekki kallað sig Íslendinga . . . “
 3. „ . . . Sá glæpur sem framinn er gagnvart íslensku þjóðinni, í nafni „varins lands“, verður aldrei nægilega útmálaður í krafti orða: Orð, eins og þjóðníðingur eða landráðamaður falla dauð niður á pappírinn, hjá þeirri smán sem upphafsmenn slíkra aðgerða hafa gert sjálfstæðum vilja íslensku þjóðarinnar . . . “
- III. Bréf stefnda til Háskólaráðs, dags. 27. maí 1974, sem lagt var fram á fundi ráðsins.
- Efni þessa bréfs er nákvæmlega samhljóða blaðagrein þeirri, er ræðir um undir II hér að framan, enda er greinin orðrétt birting bréfsins. Stefnendur vísa um ærumeiðingar í bréfinu til II hér að framan.
- Dómkröfur stefnenda eru þessar:
- A. Sérkröfur einstakra stefnenda.
- Jónatan Þórmundsson krefst þess, að ummæli þau, sem greind eru undir I,3 og 4 hér að framan, verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 svo og að stefnda

verði dæmd hæfileg refsing fyrir ummæli þessi samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Þorsteinn Sæmundsson krefst þess, að ummælin, sem greind eru undir I,2 hér að framan, verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 og að stefnda verði dæmd hæfileg refsing fyrir þau samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Þór Vilhjálmsson krefst þess, að ummælin samkvæmt I,5 og 6 hér að framan verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 svo og að stefndi verði dæmdur til refsingar fyrir ummælin samkvæmt 234. gr., en til vara 235. gr. sömu laga.

B. Kröfur, sem stefnendur standa að saman:

að ummæli samkvæmt I,1 og öll ummæli undir II og III verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940,

að stefnda verði dæmd þyngsta refsing, sem á getur reynt, samkvæmt 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940 fyrir ummæli þau, sem greind eru undir I,1 og öll ummælin samkvæmt II og III,

að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum stefnenda um sig miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940. Krafa hvers stefnanda nemur kr. 50.000 auk 9% ársvaxta frá 5. júní 1974 til greiðsludags,

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 25.000 í kostnað við birtingu forsendna og niðurstöðu dóms í máli þessu í opinberum blöðum samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940,

að stefndi verði dæmdur samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 til að sjá um, að dómur í máli þessu verði í heild birtur í 1. eða 2. tbl. Stúdentablaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins,

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega málskostnað, er telst hæfilegur að mati dómara.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og jafnframt krafist ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnendur hafa lýst málavöxtum svo:

„Um miðjan janúar 1974 efndu nokkrir Íslendingar til samvinnu undir kjörorðinu „VARIÐ LAND“. Áttu þar hlut að 14

menn, þ. e. allir stefnendur og auk þess lögmennirnir Hörður Einarsson og Óttar Yngvason. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings við Bandaríkin og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Var öllum íslenskum þegnum, er náðu tvítugs aldri 1. marz 1974, gefinn kostur á að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins“.

Til að skipuleggja undirskriftasöfnunina var opnuð skrifstofa, þar sem kostur gafst á að undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar. Þar var og tekið við fjárframlögum þeirra, er vildu taka þátt í kostnaði við rekstur skrifstofunnar. Þóðað var, að undirskriftasöfnunin myndi standa yfir til 20. febrúar 1974 og ætlunin væri að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. marz.

Helztu ástæður tilgreindar fyrir undirskriftasöfnuninni voru þessar:

„Við viljum, að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum.

Hér á landi þurfa að vera traustar varnir.

Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, og annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki síst Norðmanna, og í þágu varnarsamtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í tilraunum þeirra til að ná samningum um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum fulla ástæðu til, að fram komi, að íslenskur almenn-ingur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott“.

Árangur af frumkvæði forgöngumanna „VARINS LANDS“ varð næsta mikill, því að alls rituðu 55.522 atkvæðisbærir Íslendingar undir áðurgreinda áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis.

Undirskriftalistarnir voru afhentir forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis eins og boðað hafði verið við upphaf undirskriftanna. Fór afhendingin fram í Alþingishúsinu í síðari hluta marz. Dróst afhendingin nokkuð frá því, sem upphaflega hafði verið ákveðið, þar eð frágangur undirskriftalistanna reyndist tímafrekari en ætlað hafði verið.

Undirskriftasöfnunin hafði eigi fyrr hafizt en hatröm blaðaskrif tóku að beinast að henni og forgöngumönnum hennar. Meðal þeirra blaða, sem þar áttu hlut að, var Stúdentablaðið. Í 1. tbl. blaðsins, er út kom 25. janúar 1974, birtist grein á öftustu blaðsíðu og framhald hennar á 4. bls. Yfirskrift þessarar greinar er: „Ameríkanasleikjur komnar á stjá“, en aðalfyrirsögnin er svohljóðandi: „Nú á að safna undirskriftum“. Í grein þessari er farið ýmsum ærumeiðandi ummælum um forgöngumenn „VARINS LANDS“ sameiginlega. Einnig er veitt sérstaklega að stefnendum í þessu máli. Höfðað verður sérstakt mál út af þeim ummælum, sem beinast að öllum forgöngumönnum „VARINS LANDS“, en í þessu máli eru eingöngu tekin þau af ummælum greinarinnar, sem sérstaklega beinast að stefnendum.

Framangreind blaðagrein í 1. tbl. Stúdentablaðsins 1974 varð til þess, að stefnendur rituðu háskólaráði bréf og kröfðust þess, að stefndi sem ábyrgðarmaður blaðsins yrði áminntur. Hlaut stefndi slíka áminningu samkvæmt ályktun fundar háskólaráðs. Þá ritaði stefndi rektor Háskólans bréf, sem síðan var birt sem grein í 4. tbl. Stúdentablaðsins 1974, sbr. II. hér að framan. Þessi grein og bréfið, sbr. III. hér að framan eru samhljóða.“

Af hálfu stefnda er málavaxtalýsingu stefnenda mótmælt sem rangri og ófullnægjandi. Forðast sé að gera nokkra grein fyrir þeim aðstæðum, sem liggja að baki pólitískri framtakssemi stefnenda og kalla fram þau viðbrögð og ummæli, sem stefnt er út af.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst svo: „Erlend herseta á Íslandi er ekkert smámál. Hin óhugnanlega staðreynd er sú, að þjóðin er klofin í tvær mjög andstæðar fylkingar í afstöðu sinni til hersetunnar. Ekkert umræðuefni á Íslandi hefur orðið eins mikið hitamál síðustu þrjá áratugina en tvíþýli þjóðarinnar við erlendan her í landinu, og ekki er útlit fyrir, að hinar hatrömmu deilur hjaðni á næstunni. Ekkert mál annað hefur valdið götuóeirðum og slagsmálum í Reykjavík á þessu tímabili, og allir stjórnmálaforingjar og flestir forystumenn þjóðarinnar á öðrum sviðum hafa tjáð sig um málið opinberlega og það all harkalega oft á tíðum. Ljóst er, að deilumál þetta er þannig vaxið, að það

gengur mönnum inn að hjarta, og hjá mörgum bera tilfinningarnar rökin ofurliði.

Á blaðamannafundi, sem stefnendur o. fl. efndu til hinn 15. jan. 1974, tilgreindu þeir ástæðuna fyrir undirskriftasöfnuninni með þessum orðum: „Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því að varnarliðið fari úr landi . . .“ Með þessum yfirlýsingum taka stefnendur sér stöðu í fremstu víglínu í viðkvæmasta og hatrammasta deilumáli meðal Íslendinga, en láta í stefnu svo sem þeim komi það á óvart, að þeir hljóta þar fyrir ámæli og lenda í hvirfilvindi pólitískrar orðasennu.

Að þessu leyti er málavaxtalýsingu stefnenda mjög áfátt.

Jafnframt vantar í málavaxtalýsingu stefnenda það, sem gerst hefur innan Háskólans í þessu máli.

Fjórir háskólakennarar stóðu að undirskriftasöfnun „Varins lands“. Það vakti strax harkaleg viðbrögð stúdenta og um það athæfi þeirra var birt grein í Stúdentablaðinu 25. jan. 1974. Háskólakennurunum þótti þessi grein harðorð og í tilefni af henni skrifuðu þeir Háskólaráði bréf dags. 26. marz 1974, sem ég legg fram í málinu, þar sem þess er krafist, að höfundur greinarinnar, ábyrgðarmaður blaðsins, umbjóðandi minn sæti áminningu samkvæmt 24. gr. háskólaganna nr. 84/1970.

Háskólaráð tók kærubréf þetta fyrir 2. maí 1974 og urðu þar átök um málið. Þrjár tillögur komu fram, en að lokum var samþykkt tillaga frá háskólaþrektor. Ágrip af fundargerð Háskólaráðs eru lögð fram í málinu. Tillaga rektors var nokkurs konar málamiðlun, en samkvæmt henni voru stóryrðin í greininni átalín, en höfundur þeirra ekki beinlínis áminntur eða víttur.

Eftir niðurstöðu Háskólaráðs skrifaði umbjóðandi minn ráðinu bréf, sem og birtist í Stúdentablaðinu, en eftir það bar málið ekki fyrir Háskólaráð aftur, heldur efna háskólakennararnir til þessara málaferla. Áður hafði forystumönnum stúdenta annars vegar og prófessorunum Jónatani Þórmundssyni og Þorsteini Sæmundssyni hins vegar lent saman út af tekjum Stúdentaráðs og fór Jónatan þá í Morgunblaðið til að bera deiluna á torg.

III.

Röksemdir málsaðilja.

Af hálfu málsaðilja hefur verið leitast við að sýna fram á þær þjóðfélagslegu aðstæður, sem annars vegar leiddu til undirskriftasöfnunar stefnenda, en hins vegar andsvör stefnda og annarra þeirra, sem andvígir eru dvöl bandaríks herliðs hér á landi.

Jafnframt hafa málsaðiljar greint nokkuð frá deilum, sem verið hafa innan Háskólans í ýmsum málum, þ. á m. svokölluðu innritunargjaldamáli.

Í málinu hefur verið lagt fram endurrit af yfirheyrslum, sem fram fóru á bæjarþingi Reykjavíkur í málinu nr. 1376/1974: Bjarni Helgason o. fl. gegn Úlfari Þormóðssyni o. fl.

Í aðiljaskýrslu í því máli hafði einn stefnenda, Þór Vilhjálmsson, þáverandi prófessor, m. a. þetta að segja:

„ . . . Í fyrsta lagi vil ég minna á það, að sumarið 1971 var mynduð ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Þegar það var gert, var birtur stjórnarsáttmáli, og í honum sagði m. a., að það væri ágreiningur milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. En að óbreyttum aðstæðum skyldi þó nógildandi skipan haldast, en ríkisstjórnin myndi kappkosta að fylgjast sem best með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Litlu seinna segir í þessum sama stjórnarsáttmála: „Varnarsamningur við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar“ í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu“. Á fyrstu starfsmánuðum þessarar ríkisstjórnar gerðist fremur lítið í varnarmálunum. Það var fyrst, að ég hyggt, veturinn 1972—1973 sem óbreyttum borgurum mátti bjóða í grun, að eitthvað myndi verða farið að gera til að framkvæma þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Það gerðist ýmislegt þann vetur. Það kom upp, að það var nokkur stigsmunur á því, hvernig stjórnarflokkarnir vildu skilja varnarsamninginn. Það kom upp, að það var ágreiningur innan Framsóknarflokksins um rétta stefnu í þessu máli. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna kom hingað þennan vetur, og það var frá því skýrt opinberlega, að við hann hefði verið rætt um þessi mál. Síðan gerist það vorið 1973, að í samræmi við 7. gr. varnarsamningsins koma fram tilmæli um endurskoðun varnarsamningsins. En það var heimilt, þegar 6 mánaða endurskoðunartímabili væri lokið, að segja samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara. Þetta gat þess vegna verið fyrsta skrefið í þá átt að segja varnarsamningnum upp. Tilkynning um þetta efni var m. a., að ég hyggt, send Atlantshafsbandalaginu, og haustið 1973 kom framkvæmdastjóri þess, Luns, til Íslands til að ræða þessi mál. Eftir að hann var farinn eða í lok heimsóknar hans, var gefin út fréttatilkynning, þar sem skýrt var frá því, að íslenska ríkisstjórnin hefði látið í ljós áhyggjur vegna þess, hvernig At-

lantshafsbandalagið hefði tekið á endurskoðunaróskum íslensku ríkisstjórnarinnar og jafnframt tekið fram, að framkvæmdastjóranum hefði verið gert ljóst, — þetta er endursögn mín á fréttatilkynningunni, sem ég hef ekki fyrir framan mig, — að þessi viðbrögð gætu leitt til breyttra viðhorfa Íslendinga gagnvart bandalaginu sjálfu. Og síðar þetta sama haust 1973 fóru fram viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Í þeim tók sjálfur utanríkisráðherra Íslands þátt að minnsta kosti oft, bæði vestan hafs og hér í Reykjavík. Það mátti þess vegna ætla, að það væri stefnt að uppsögn varnarsamningsins, slitum á samstarfi okkar við vestrænar þjóðir og brottför varnarliðsins. Það var skoðun mín, að til svo stórra aðgerða hefði ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar ekkert umboð frá þjóðinni. Sú skoðun byggðist á því, að í kosningunum 1971 hefði kjósendum ekki verið gerð grein fyrir því, að þessa stefnuskráratríðis mætti vænta, það var með öðrum orðum ekki að mínu áliti kosið um varnarmálin árið 1971. Það var því hvoru tveggja, að ég var efnislega andvígur því, sem virtist stefnt út í, og einnig hitt, að ég taldi, að sú framkvæmd, sem íslensk stjórnvöld stóðu að, væri einnig að nokkru leyti í andstöðu við réttar lýðræðisreglur. Það er skoðun mín, að það sé mikil gæfa fyrir íslensku þjóðina, að við erum á vestræna menningarsvæðinu. Ég tel, að við höfum byggt hér upp þjóðfélag, sem er mótað af hugsjónum vestrænnar menningar. Það þjóðfélag er ekki fullkomið, en það er í stöðugri framþróun, og af því að það er vestrænt þjóðfélag, getur sú framþróun haldið áfram. Ég vil, að við njótum áfram þessarar aðstöðu og þeirra mannréttinda, sem eru virt á Íslandi. Ég tel, að því miður geti þróun mála orðið í aðra átt. Frelsi þjóðarinnar og sjálfstæði er ekki örugglega tryggt um alla framtíð og jafnvel ekki næstu framtíð. Eitt hið nauðsynlegasta, sem þarf að gera til að varðveita frelsi landsins, er að sjá hér fyrir hervörnum. Ég er þeirrar skoðunar, að eitt hið mikilvægasta, sem gerst hefur í íslenskum stjórnámálum eftir stofnun lýðveldisins, sé, að þjóðin hefur skilið þessa nauðsyn. Og að hún ákvað á sínum tíma að breyta um stefnu í utanríkismálum. Hún ákvað að hverfa frá hlutleysisstefnunni og taka upp varnarsamstarf við vestræn lýðræðisríki á vegum Atlantshafsbandalagsins. Það eru nú meira en 25 ár síðan Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu og næstum aldarfjórðungur síðan hingað kom bandarískt varnarlið á vegum bandalagsins. Ég vil ekki, að öryggi Íslands sé stefnt í hættu með því að láta varnarliðið fara, en brottför varnarliðsins tel ég, að

myndi bæði beint veikja varnir landsins og einnig gera það óbeint með því að veikja varnarkeðju lýðræðisríkjanna við norðanvert Atlantshaf. Með tilliti til þessara skoðana minna og þeirrar þróunar mála, sem mér virtist vera í uppsiglingu í varnarmálum þá tók ég þátt í því að undirbúa og framkvæma undirskriftasöfnunina, sem fór fram undir kjörorðinu „Varið land“. Ég átti þátt í því starfi frá upphafi til enda ásamt mörgum öðrum mönnum. Við urðum 14 talsins að lokum, sem að þessu stóðum. Í upphafi taldi ég, að þessi undirskriftasöfnun væri mjög erfið. Það hafði komið til tals að hafa ýmis konar hátt á til þess að láta opinberlega í ljós mótmæli við stefnuna í varnarmálunum, sem ríkisstjórnin virtist vera að framkvæma. Hugmyndin um það að fara í almenna undirskriftasöfnun þróaðist smám saman og undirskriftasöfnunin hófst um miðjan janúar 1974. Vanda málin í þessu sambandi eru margs konar. Þau eru bæði um það, hvernig megi framkvæma undirskriftasöfnunina til þess að ná árangri, það horfði ekki sérlega glæsilega um það atriði fyrirfram. Í fyrsta lagi var þetta á þeim tíma árs, þegar verst er að standa að framkvæmdum af þessu tagi, um hávetur. Í öðru lagi lagði hópurinn upp með litla reynslu af slíkum almennum undirskriftasöfnunum, engin tæki eða fé til þess að framkvæma hana og tími okkar, sem í hópnum voru, var ekki þannig, að við gætum helgað okkur þessu starfi óskiptir þann tíma, sem undirskriftasöfnunin stóð. Ég gerði mér sjálfur óljósar hugmyndir. Það kom fram síðar um það, hvað þyrfti til að svona undirskriftasöfnun hefði verulegan þunga. Ég hélt fyrirfram, að 5 þúsund undirskriftir myndu verða þung mótmæli. Eftir reynsluna af þessari undirskriftasöfnun skal ég segja, að ég tel, að það þurfi meira til, en það kom líka fram við þessa undirskriftasöfnun, að það voru þung mótmæli, sem hún sýndi við þessa stefnu. Ég tel raunar, að þessi undirskriftasöfnun hafi verið stórt atriði í því að breyta hinni opinberu stefnu íslenskra stjórnvalda í varnarmálum.“

Í framlagðri aðiljaskýrslu Þorsteins Sæmundssonar segir svo um sjóðamál Háskólans og innritunargjöld: „Ég átti sæti í Háskólaráði á árunum 1973 og 1974, þegar þessi mál voru þar til umræðu. Var ég þar fulltrúi Félags háskólakennara. Afstaða mín til lána úr prófgjaldasjóði til prófessora við Háskólann ætti að vera stúdentum vel kunn, þar sem ég mun hafa orðið fyrstur til að gera athugasemdir við skipulag þeirra mála, fyrst munnlega en síðan með bréfi og tillögum til rektors snemma í júnímánuði

1973. Jafnframt mun ég hafa orðið fyrstur til að benda þáverandi formanni Stúdentaráðs á málið. Hitt er rétt og skylt að taka fram, að skoðanir í Háskólaráði voru skiptar um þetta mál, og álit ég að aðfarir stúdenta hafi gert mun erfiðara að ná þar æskilegri lausn.

Um innritunargjaldamálið er það skemmst að segja, að fulltrúar stúdenta í Háskólaráði höfnuðu málamiðlunartillögu, sem ég lagði fram, og gerði ráð fyrir 76 prósent hækkun til Stúdentaráðs. Dró ég þá tillöguna til baka og lagði fram varatillögu, sem gerði ráð fyrir skipan svipaðri því sem tíðkast hafði fram til 1968, en þá voru framlög til Stúdentaráðs frjáls en ekki skylduð sem hluti af innritunargjöldum. Tillaga þessi var samþykkt í háskólaráði, en stúdentar undu ekki þeirri skipan heldur leituðu til ráðherra, sem varð við óskum þeirra. Til nánari skýringar legg ég hér með sem fylgiskjal greinargerð þá um skiptingu innritunargjalda sem fylgdi tillögu minni til Háskólaráðs“.

Í áminnstri greinargerð, sem dagsett er 13. júní 1973, er m. a. svohljóðandi varatillaga:

„Önnur leið, sem fastlega kemur til greina, er að aðskilja gjald til stúdentaráðs frá innritunargjaldi. Þessi leið hefði þann kost í för með sér fyrir stúdentaráð, að það gæti hagað upphæð gjaldsins eftir eigin reglum, og breytingar þyrftu ekki að koma fyrir háskólaráð. Skrifstofa háskólans gæti veitt gjöldum móttöku um leið og innritunargjöldum og væri sennilega auðveldast að prenta tvær upphæðir á hverja kvittun, þannig að fljótlegt væri að merkja við, hvort greitt hefði verið innritunargjaldið eitt eða hvort tveggja, innritunargjald og gjald til stúdentaráðs. Greiðsla til stúdentaráðs mætti þá jafnframt vera skilyrði þess, að stúdent fengi afhent ársskírteini, sem veitir rétt til sérstakra viðskiptakjara, því að slík hlunnindi munu hafa fengist fyrir atbeina stúdentaráðs.

Ef þessi leið yrði valin, að aðskilja gjald til stúdentaráðs frá innritunargjaldi, ætti innritunargjaldið að lækka í 1900 kr. samkvæmt áður nefndri tillögu, en skipting þess að vera óbreytt að öðru leyti. Sjálf sagt er að sýna skiptingu innritunargjalds á kvittunareyðublaði til upplýsingar fyrir stúdent“.

Í greinargerð lögmanns stefnda segir svo: „Áður en ég tek til við að rökstyðja kröfugerð mína í máli þessu, verð ég að beina þeirri áskorun til stefnenda, sem allir eru kennarar við Háskóla Íslands, að þeir felli þessa málshöfðun niður. Þetta er í fyrsta skipti í sögu Háskólans, að Háskólakennarar taka sig til og stefna stúdent til tugthúsvistar og til að verða fyrir stórum fjárútlátum.

Þetta gera þeir í meiðyrðamáli vegna ummæla stúdentsins um athafnir þeirra utan Háskólans í mesta hitamáli á Íslandi í áratugi, eftir að þeir eru búnir að fá Háskólaráð til að átelja stórrði stúdentsins. Eiga ekki samskipti stúdenta og kennara að vera með öðrum hætti? Ég er ekki með þessari áskorun að ætlast til þess að stefnendur afsali sér eða æru sinni nokkrum rétti gagnvart almennum dómstólum, heldur að skora á þá að gera skynsamlegan hlut, háskólaborgurum samboðinn.

Mun ég nú rökstyðja sýknukröfu mína:

A. Samkvæmt stjórnarskrá og grundvallarreglum íslenskra laga hefur hver maður leyfi til þess að hafa skoðanir á pólitískum hugðarefnum og athöfnum annarra manna og láta þær í ljós opinberlega. Ekki er leyfilegt að teygja klær meiðyrðalöggjafarinnar svo langt, að refsa manni fyrir að láta í ljós skoðanir sínar eða mat sitt á pólitískum aðgerðum annarra manna.

Undirskriftasöfnun stefnenda undir beiðni til stjórnvalda um að láta nú ekki erlenda herinn fara, er pólitískt athæfi, sem særir helgustu þjóðernistilfinningar mikils hluta þjóðarinnar og brýtur í bága við grundvallarskoðun hans um þjóðfrelsi. Þessar aðgerðir kalla á pólitísk viðbrögð og andsvör, jafnvel hjá fólki, sem er afskiptalítið um stjórnsmál almennt. Stefnendur gátu ekki búist við öðru, og máttu ekki gera ráð fyrir öðru.

Sýkna ber því umbjóðanda minn á þeim grundvelli, að honum er heimilt og rétt að berjast gegn áformum og aðgerðum hersetumannna, vara við þeim og útlista þær á allan hátt. Á bak við þetta pólitíska frelsi eru svo ríkir almenningshagsmunir, að smásmuguleg vernd ærunnar verður að víkja.

B. Sýknukrafa mín byggist einnig á því, að ummæli umbjóðanda míns eru viðhöfð í hita pólitískrar baráttu og eru réttlætangel í alla staði. Mun ég nú tína til nokkur réttlætningaratriði.

1. Umbjóðandi minn er stúdent við Háskóla Íslands og er þar forystumaður í félagslífi stúdenta. Í Háskóla Íslands hafa frá upphafi bæði stúdentar og kennarar látið þjóðfrelsismál almennt og sjálfstæðismál íslensku þjóðarinnar mikið til sín taka og hafa þar yfirleitt verið í fararbroddi fyrir málstað Íslands. Í sjálfstæðisbaráttunni hinni nýju, þegar Bandaríkjamenn fóru fram á herstöðvar hér á landi til 99 ára, árið 1946, lét Háskólinn, stúdentar og kennarar, kröftuglega til sín heyra og áttu þau mótmæli sinn þátt í því að þeirri beiðni var hafnað. Í máli þessu verða lagðar fram ræður og greinar háskólakennara eins og Ólafs Lárussonar,

Sigurbjörns Einarssonar, Guðmundar Thoroddsen, Einars Ólafs Sveinssonar o. fl., svo og yfirlýsingar forystumanna allra pólitísku stúdentafélaganna í Háskólanum. Þungamiðjan í afstöðu Háskólans er og hefur verið sú, eins og glöggst kemur fram í þessum gögnum, að krafa um erlenda hersetu í landinu er erlend ásælni sem gjalda á varhug við og hafna. Þessu merki hafa háskólaborgarar haldið á lofti æ síðan. Strax í upphafi var varað við því, að af langvarandi erlendri hersetu í landinu myndi leiða aðra herleiðingu, herleiðingu hugarfarsins, og svo gæti farið, þegar stundir liðu fram, að einhver hluti þjóðarinnar sætti sig við ævarandi hersetu og tvíþýli við erlendan her í landi sínu. Þegar svo á þjóðhátíðarárinu 1974 rísa upp nokkrir menn, af því að pólitískur meirihluti hafði myndast á Alþingi um að láta herinn fara, sem ganga fyrir hvers manns dyr og biðja um stuðning við áskorun til stjórnvalda um að láta herinn ekki fara, þá ofbauð stúdentum og fordæmdu þeir þetta athæfi vægðarlaust. Ummæli umbjóðanda míns, sem er einn af þeim fyrstu sem tóku sér penna í hönd vegna undirskriftasöfnunarinnar, eru því réttlæt看leg.

2. Önnur réttlæt看ingarástæða er eftirfarandi: Sakir aukinnar tækni meðal annars í samgöngum og fjarskiptum hefur heimurinn minnkað mjög mikið frá því sem áður var, fólk og þjóðir færast nær hver annarri og heimsmynd manna gerbreyst.. Þetta hefur haft mikil áhrif á hugsunarhátt fólks almennt, ekki síst ungs fólks. Ungt fólk er samúðarfullt í eðli sínu og fyllist gjarna réttlátri reiði, ef og þegar lítilmagnanum er sýnt ofbeldi, eða ef og þegar hinum saklausu og varnarlausu er sýnd grimmud. Það er ekki hvað síst afstöðu og baráttu ungs fólks í heiminum að þakka, að slotað hefur a. m. k. í bili vitfirringslegum grimmdarhernaði gegn saklausu og varnarlausu fólki í Víet-Nam, sem almennt hefur verið fordæmdur. Að þeim hernaði stóð Bandaríkjaher. Sami herinn og á Íslandi situr, her, sem lýtur sömu herstjórn og sama forseta. Er nú nema von, að hinn ungi stúdent, umbjóðandi minn grípi til stórrýða, þegar stefnendur þessa máls óska skriflega eftir því, að einmitt þessi her skuli hafa herbækistöðvar hér á landi?“

Í framlagðri aðiljaskýrslu stefnda segir svo: „ . . . að tilgangur minn með þeim skrifum, sem mér hefur verið stefnt fyrir í þessu meiðyrðamáli, var æru stefnenda minna með öllu óviðkomandi, enda er mér enginn akkur í því að skerða virðingu þeirra í augum almennings hér á landi meira en ég tel að þeir hafi sjálfir gert, með frumkvæði sínu og hlutdeild í undirskrifa-

söfnun þeirri, sem kennd er við „varið land“. Það var einungis sá verknaður sem í undirskriftasöfnuninni sjálfri var fólgin, sem varð mér réttmæt hvöt til að gagnrýna þá athöfn og þá fjórtán einstaklinga, sem að henni stóðu.

Þau þrjátíu ár sem Ísland hefur talist sjálfstætt og fullvalda lýðveldi hefur þjóðin verið klofin í tvær andstæðar fylkingar, sem greinir á um, hvernig sjálfstæði og öryggismálum ríkisins muni best borgið. Samningar þeir sem íslenskar ríkisstjórnir gerðu á sínum tíma við Bandaríki Norður-Ameríku og Atlants-hafsbandalagið um dvöl bandaríks herliðs í landinu og aðild okkar að Norður-Atlantshafssamningnum hafa staðfest það djúp sem skilur milli fylkinganna tveggja í pólitísku tilliti. Oft hafa þung orð og ásakanir verið bornar fram á þessum tíma, þegar hitnaði í kolum, án þess að aðilar hafi kveinkað sér hvor undan höggum hins, vegna meiddrar æru. Ekki hefur því verið neitað fram til þessa, að um stórpólitískt deilumál sé að ræða, þótt tilfinningahiti hafi oftlega borið málefnalegan rökstuðning ofurliði og merk-ingarþróttur margra mergjuðustu kryddorða tungunnar dvínað, vegna ósparlegrar notkunar.

Varlegt er því að tala um ærumeiðandi móðganir eða aðdrótt-anir í jafn viðkvæmum pólitískum deilumálum, þegar deiluaðilar reyna hvor um sig að finna snöggan blett á andstæðingnum til að veikja málstað hans með orðum. Þar er um líkan leik að ræða, þar sem hver reynir að bera af sér þau högg sem að honum eru reidd og greiða ný á móti, eftir þeim föngum sem hver og einn hefur til að tefla fram málstað sínum á almennum vettvangi.

Í Stúdentablaðinu 25. janúar 1974, en ég var ritstjóri þess og ábyrgðarmaður, birtist grein um undirskriftasöfnun *varins lands*, sem ég hafði sjálfur skrifað, þótt upphafsstafir mínir undir grein-inni féllu niður í prentun fyrir einhverja slysi. Fjórir háskóla-kennarar, þeir sömu og eru stefnendur í þessu máli, sneru sér af þessu tilefni til Háskólaráðs með bréfi dagsettu 26. mars 1974, þar sem þeir gerðu þá kröfu, að mér yrði refsað með áminningu, samkvæmt 24. gr. háskólalaga nr. 84/1970. Háskólaráð synjaði þessari kröfu, en sendi engu að síður frá sér ályktun um þetta mál. Ég sá ástæðu til að svara með bréfi til Háskólaráðs þessari málsýfingu fjórmeninganna og þeirri meðferð sem málið fékk innan ráðsins. Háskólaráð afgreiddi ályktun sína á fundi 2. maí 1974, en ég sendi því aftur bréf mitt stuttu eftir að mér barst hún, en það var 27. maí. Afrit af bréfinu sendi ég um leið arftaka mínum í starfi ritstjóra Stúdentablaðsins, og birti hann það í blað-

inu þann 5. júní, þremur dögum eftir að það hafði verið kynnt háskólaráðsmönnum á fundi.

Ég gegndi starfi ritstjóra Stúdentablaðsins í rétt ár, frá því í lok mars 1973 til 1. apríl 1974, og komu út 13 tölublöð á þeim tíma undir ritstjórn minni. Dvöl bandarísks herliðs í landinu og vera íslensku þjóðarinnar í NATO var oftast en ekki tekin fyrir í Stúdentablaðinu á þessu tímabili, enda stjórn Stúdentaráðs og sá meirihluti ráðsliða, sem hún hafði umboð sitt frá, í yfirlýstri andstöðu við hvorttveggja. Það var því hluti af starfi mínu við blaðið að fylgja eftir stefnu útgáfustjórnarinnar (stjórnar SHÍ) í þessum málum. Það þurfti því engum að blöskra, þótt hart væri brugðið við í fyrsta tölublaði, sem út kom eftir að áður nefnd undirskriftasöfnun fór af stað, og henni mótmælt af krafti í mál-gagni Stúdentaráðs. Það stóð heldur ekki á því að stjórn Stúdentaráðs tæki við sér og lýsti yfir stuðningi sínum við mig og núverandi ritstjóra Stúdentablaðsins, í ályktun 27. júní 1974, þar sem stefnendur okkar eru fordæmdir sérstaklega og þær árásir á tjáningarfrelsi og frjálsa skoðanamyndun í landinu, sem stjórnin telur tólf af forystumönnum undirskriftasöfnunarinnar beita, með höfðun fjölda meiðyrðamála, í tilefni blaðaskrifa um hana.

Ég legg á það áherslu, að ég lít á öll skrif mín um undirskriftasöfnun „varins lands“ sem pólitísk skrif fyrst og fremst, sem ekki er eingöngu beint gegn forráðamönnum hennar, heldur og gegn heimsvaldastefnu Bandaríkjanna, tengd þeirri baráttu gegn henni, sem á sér stað á alþjóðlegum vettvangi og þeirri baráttu sem háð hefur verið gegn áróðursmönnum hennar hérlandis, um 30 ára skeið. Ég tel það skyldu mína sem Íslendinga að snúast öndverður gegn hverju því, sem leitt getur til ógnunar við fullveldi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, eða getur á einhvern hátt orðið til að villa mönnum sýn gagnvart þeirri hættu, sem smáþjóð á borð við okkur er búin af ásælni erlendra stórvelda.

Eina tryggingin fyrir því að hægt verði að bægja frá þeirri ógn, sem lengi hefur vofað yfir íslensku þjóðinni, er að alþýðustéttir þessa lands öðlist skilning á því, hvað það raunverulega merkir að vera sjálfs sín ráðandi í eigin landi. Ég og margir fleiri munum halda áfram að berjast fyrir því, með þeim rétti, sem íslensk lög og stjórnarskrá veita okkur, að fá að sjá þá hugsjón rætast.

Ég mun því í engu hvika frá þeirri skoðun minni, að undirskriftasöfnunin „varið land“ hafi verið pólitískt tilræði, sem stefnt hafi verið gegn þeim markmiðum, sem ég hef lýst hér að framan. Gildir þar einu þótt forvígismenn undirskriftasöfnunar-

innar vilji gera sér upp annan tilgang og háleitari, sem ekkert eigi skylt við pólitík“.

Ummælin.

Stefnendur hafa þetta að segja um ummælin sjálf:

„I.

Um 1.

Það fer ekki milli mála, að hverjum þessi fyrirsögn beinist. Hún á við stefnendur alla. Stefnendur telja ummæli þessi ærumeiðandi sem móðgun samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940, svo og sem aðdróttun samkvæmt 235. gr. laganna.

Um 2.

Tekið er fram í textanum á undan ummælum þess, að hverjum þau beinast, þ. e. stefnandanum Þorsteini. Hann gerir því einn kröfur vegna þessara ummæla, sem hann telur ærumeiðandi fyrir sig. Með ummælunum er því dróttað að þessum stefnanda, að hann hafi eigi aðeins unnið gegn hagsmunum stúdentaráðs Háskóla Íslands heldur lagt sig fram um að knésetja það fjárhagslega. Telur stefnandinn Þorsteinn Sæmundsson að refsa beri stefnda fyrir þessi ummæli samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 3.

Þessi ummæli beinast að stefnandanum Jónatan. Hann gerir því einn kröfu vegna þessara ummæla, sem hann telur móðgandi fyrir sig og refsiverð samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um 4.

Sama er um aðild að kröfum vegna þessara ummæla og ummælanna undir 3. Telur stefnandinn Jónatan ummæli þessi móðgandi fyrir sig og ennfremur að í þeim felist aðdróttun um, að hann hafi með blaðaskrifum opinberlega veitst að hagsmunum stúdenta. Krefst hann refsingar fyrir ummæli þessi samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 5.

Ummæli þessi beinast að stefnandanum Þór. Telur hann ummælin móðgandi og krefst refsingar samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um 6.

Um aðild og rök vísast til 5. hér að framan. Til vara er krafist refsingar samkvæmt 235. gr. laga nr. 19/1940.

II.

Um 1.

Hér er rætt um kröfu stefnenda til háskólaráðs um áminningu gagnvart stefnda. Sú krafa kom fram af þeirri ástæðu einni, að stefnendum blöskraði ritháttur stefnda í grein þeirri, er ræðir um undir I. hér að framan. Sú aðdróttun, sem felst í hér umræddum ummælum er því út í hött. Telja stefnendur, sem hér eiga allir hlut að, ummæli þessi varða við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 2.

Ummæli þessi beinast að stefnendum. Það er rangtúlkun, að tilgangur stefnenda og annarra, er stóðu að „Varið land“ hafi verið að óska eftir áframhaldandi hersetu. Stefnendur telja niðurlagsorð hinna tilvitnuðu ummæla mjög ærumeiðandi fyrir sig. Er krafist refsingar fyrir ummæli þessi samkvæmt 234. gr. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 3.

Hér er um mjög svæsin meiðyrði að ræða. Stefnendur eru vændir um svo stórkostlegar ávirðingar gagnvart þjóð sinni og landi, að verstu hrakyrði tungunnar eru ekki talin nothæf um framferði þeirra. Stefnendur telja þessar svívirðingar refsiverðar samkvæmt 234. og 236. gr. laga nr. 19/1940, en til vara 235. gr. sömu laga.

III.

Með vísun til þess, sem áður er fram komið um það, að ummælin samkvæmt II. og III. eru samhljóða, einungis um að ræða birtingu með mismunandi móti, þá vísast alfarið um ummælin skv. III. til þess, sem að framan greinir um ummælin samkvæmt II.“

Af hálfu stefnenda eru kröfur rökstuddar svo í greinargerð: „Stefndi var ritstjóri og ábyrgðarmaður Stúdentablaðsins, er ummælin undir I. birtust í því. Greinin, sem ummælin birtust í, var óundirrituð. Stefndi ber því bóta- og refsíábyrgð á þeim ummælum skv. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Grein sú, sem ummælin undir II. birtust í, er nafngreind

stefnda. Hann ber því ábyrgð á þeim ummælum skv. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Einstakir þættir í kröfugerð stefnenda byggjast á ótvíræðum lagaheimildum. Þegar hafa verið færð ítarleg rök að refsipætti kröfugerðarinnar. Þykir ekki ástæða til að víkja sérstaklega að öðrum þáttum í kröfugerð stefnenda, nema þeirri kröfu, er lýtur að miskabótum. Um hana skal farið nokkrum orðum.

Ærumeiðingar eru almennt fallnar til að valda þeim miska og andlegri raun, sem fyrir þeim verða. Skrif í blöðum, er fela í sér ærumeiðingar, eru ómenningarleg, mjög hvimleið og órækur vottur andlegrar lágkúru og skorts á umgengnismenningu, sem er ekki sístur þáttur andlegs þroska. Slík skrif vega að andlegu frelsi, sem er einn meginþáttur lýðræðis, því að tilefni þeirra eru iðulega andstæð viðhorf og öndverðar skoðanir þess, er ærumeiðir og hins, sem fyrir ærumeiðingunum verður. Ærumeiðingar losna úr læðingi við það eitt, að sá, sem ærumeiddur er, leyfir sér að hafa og kunngjöra skoðun á málefni, sem fer í bága við hugmyndir þess, er ærumeiðir.

Í umræddu tilviki var veitt með hrakyrðum að stefnendum vegna skoðana þeirra og reynt var með ærumeiðandi ummælum að sverta þá og gera forgöngu þeirra að könnun á viðhorfi Íslendinga til varnarmála ríkisins sem tortryggilegasta. Full ástæða er til að taka hart á slíkum skrifum, sem hér eru til álita, með því að dæma þeim, sem ærumeiddir eru með skrifunum, riflegar bætur. Hér er um að ræða misnotkun á prentfrelsi, sem níðist á andlegu frelsi, og það á fremur að hamla gegn slíku með virkum viðurlögum, en skapa því skjól til að skáka í með úreltum viðhorfum til mats bóta. Hér ber og sérstaklega að hafa það í huga, að mál-gagn stúdenta við Háskóla Íslands var hér notað til rógskrifa um kennara við þá virðulegu stofnun. Verður að telja slíkar árásir á kennara skólans sérstaklega ótilhlýðilegar og vítaverðar. Ber að hafa þetta atriði sérstaklega í huga, þegar metnar eru miskabætur til stefnenda“.

Í aðiljaskýrslu stefnda segir svo um ummælin sjálf:

„I.1. Þessi ummæli voru viðhöfð um alla stefnendur og eru jafnsönn um hvern og einn þeirra. Vil ég í framhaldi af þessari fullyrðingu leyfa mér að vitna í bók Gunnars Benediktssonar, Saga þín er saga vor, útg. af Heimskringlu 1952, bls. 69, neðstu greinarskil: „En áróðursmenn Bandaríkjanna fóru ekki einir á stúfana um þessar mundir. Áskoranir um neitandi svar taka að berast frá félagasamtökum í landinu, og ber þar mest á samtök-

um verkamanna og stúdenta. Þegar rektor Háskólans, Ólafur Lárusson prófessor, afhenti stúdentum háskólaborgarabréfin 27. október (1945), flutti hann þeim ávarp, sem vakti mikla athygli. Þar sagði hann meðal annars: „Hún (þjóðin) mun trúa yður fyrir menningararfleifð sinni, hún mun fela yður á hönd líf sitt og frelsi, fela yður að varðveita það og verja gegn öllum hættum, sem að því kunna að steðja, ásælni og áleitni annarra, hvaðan sem sú áleitni kemur og í hvaða mynd sem hún birtist“.

Tílefni þessara orða rektors Háskólans árið 1945 var ósk bandarískra yfirvalda um að fá að hafa herbækistöð á Íslandi. Síðan þau voru töluð hafa margir úr röðum stúdenta og kennara við Háskóla Íslands orðið til að taka virkan þátt í því andófi, sem háð hefur verið gegn bandarískri hersetu hér á landi.

Það ber því nýrra við, þegar stefnendur mínir *afhjúpuðu sig* sem áróðursmenn Bandaríkjanna á Íslandi og tóku að sér að safna undirskriftum til að sporna á móti því að hróflað væri við hagsmunum stórveldisins varðandi hersetu þess í landinu. Ummælin eru sönn og því ekki ærumeiðandi skv. þeim lagagreinum sem vísað er til.

1.2. Þessi ummæli eiga rót sína að rekja til þess, að átök urðu milli Stúdentaráðs og fulltrúa stúdenta í Háskólaráði annars vegar og meirihluta í Háskólaráði hins vegar, vorið 1973, út af skráningargjöldum sem gilda skyldu fyrir stúdentum það árið. Urðu um þetta nokkur blaðaskrif á sínum tíma. Stefndandinn, Þorsteinn Sæmundsson, lagðist þá gegn því að nokkur hluti þessa skatts sem lagður er á stúdentum við árlega skráningu, skyldi renna til Stúdentaráðs. Samþykkti meirihluti Háskólaráðs fyrir hans atbeina tillögu um skiptingu fjárins, þar sem hlutur Stúdentaráðs var að engu gerður. Hefði þáverandi menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, ekki ógilt þessa ákvörðun Háskólaráðs, er víst um það að Stúdentaráð hefði orðið að leggja niður margþáttaða þjónustustarfsemi, sem það rekur í þágu allra stúdenta, þ. á m. útgáfu Studentablaðsins.

Ég er reiðubúinn að færa sönnur á þessi ummæli mín með því að leiða fram vitni og leggja fram gögn til sönnunar, óski rétturinn þess.

1.3. Satt er það, þessum ummælum er beint að stefnandanum Jónatan. En ekki fæ ég komið því heim og saman, hvernig jafn hugljúf og skáldleg líking getur móðgað æru hans svo mjög, að stefna þurfi út af. Ég neita því engan veginn að um kersknisorðalag er að ræða, þótt mér hefði aldrei dottið það í hug að orð eins

og mömmudrengur gæti verið ærumeiðandi, þegar ekki er einu sinni vikið að móður viðkomandi í skeytinu. Ekki getur það varðað við lög að skopast að mönnum á jafn meinlausan og góðlátlegan hátt, svo ákæran hlýtur að falla um sjálfa sig.

I,4. Í sambandi við þessi ummæli vil ég vísa til þeirra málsatvika, sem greint er frá í sambandi við skráningargjöld við Háskólann undir lið I,2 hér að framan. En að öðru leyti vildi ég mælast til þess að prófessor Jónatan Þórmundsson legði sjálfur fram fyrir dómi téða Morgunblaðsgrein frá 21.7. 1973, svo rétturinn geti skorið úr um, hvort skrif hans um skráningargjaldamálið voru áráð á hagsmuni stúdenta eða hvort ég fer með fleipur eitt. Ég lýsi mig saklausan af því að hafa með ummælum þessum verið að drótta einhverju að Jónatan í ærumeiðandi tilgangi.

I,5. Satt er það, að orðið „framagosi“ er ekki eitt af uppáhaldshrósyrdum mínum, en aldrei hefði mér samt dottið í hug annað en að í því fælist einhvers konar staðfesting á jarðneskri velgengni þess, sem nafngiftina hlýtur. En ef prófessor Þór Vilhjálmsson er reiðubúinn til að lýsa því yfir að hann búi ekki yfir heilbrigðum metnaði, eins og það heitir á góðri íslensku, þá mun ég sætta mig við það að ummælin verði ómerkt. Að öðrum kosti lýsi ég mig saklausan af hugsanlegri móðgun með notkun orðsins.

I,6. Þeim ummælum, sem hér er vitnað til, er ekki beint að prófessor Þór Vilhjálmssyni, heldur nokkrum lagastudentum, sem höfðu á honum næga aðdáun, til að reka áróður fyrir honum sem hugsanlegu rektorsefni Háskóla Íslands, við prófkjör meðal stúdenta fyrir rektorskjör árið 1973. Ég fæ ekki betur séð, en þeir verði sjálfir að reka sín mál, telji þeir ástæðu til að efna til meiðyrðamáls út af þessum ummælum, sem að þeim er beint.

Um II er það að segja í heild, að þar er fjallað um birtingu Stúdentablaðsins á bréfi því, sem ég sendi Háskólaráði af gefnu tilefni 27. maí 1974, og er þess getið áður hér að framan. Birtingin átti sér stað í 4. tbl. Stúdentablaðsins, 5. júní 1974. Bréf þetta er það sama og liður III í stefnunni tekur til.

II,1. Ég hef áður í þessari skýrslu minni gert grein fyrir skoðun minni á pólitísku eðli undirskriftasöfnunarinnar og þeirra þjóðfélagslegu átaka, sem hún er þáttur í. Vil ég því vísa til þess, sem fullnægjandi sönnunar á sakleysi mínu af þessum ákærulið, og lýsi ég orðalag stefnenda hér hártogun staðreynda.

II,2. Texti undirskriftaskjalsins, sem stefnendur og tíu aðrir menn burðu öllum tvítugum Íslendingum að undirrita, tekur af

allan vafa um, að verið var að óska eftir áframhaldandi hersetu hér á landi. Þar er skorað á ríkisstjórnina og Alþingi að „ . . . leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og *brottvísun varnarliðsins*.“ (undirstrikun mín, RÁA). Hér er því ekki um rangtúlkun að ræða. Um niðurlagsorð hinna tilvitnuðu ummæla, sem stefnendur telja móðgandi fyrir sig, er það að segja, að þar er um að ræða óbeina tilvitnun í orð Fjölnismanna, er þeir settu sér lög fyrir félag sitt, Fjölni: „Allir viljum við Íslendingar vera . . .“ o. s. frv. Telji stefnendur það ærumeiðandi fyrir sig að hafa óskað eftir áframhaldandi hersetu hér á landi, geta þeir átt þær sakir við sjálfa sig. Í mínum augum eru þeir fyrir vikið ekki sannir Íslendingar.

II,3. Í þeim ummælum, sem hér er vitnað til, ræði ég um þann glæp, sem framinn hafi verið gagnvart íslenskri þjóðarvitund í nafni „varins lands“. En „nota bene“: Bréf mitt til Háskólaráðs var ekki ákæruskjal sent jarðneskum dómstóli, sem fjalla skyldi um mál hinna brotlegu. Háskólaráð hafði áður, að kröfu stefnenda allra, tekið fyrir og rætt skrif mín í Stúdentablaðið 25. janúar 1974, með hliðsjón af þeirri skriflegu kröfu þeirra að ég yrði áminntur fyrir. Burt séð frá því, að Háskólaráð hafnaði kröfu þeirra, hafði mér verið misboðið með því að hún var fram komin inn á þann vettvang. Og ég átti því fullan rétt á því að þessi æðsta valdastofnun þess skóla, sem ég stunda nám við, fengi að heyra mín sjónarmið í sambandi við þetta mál.

Það er satt, að ég sakaði stefnendur mína og hlutdeildarmenn þeirra í undirskriftasöfnuninni um stórkostlegar ávirðingar gagnvart landi sínu og þjóð, en sá glæpur sem ég hef á þá borið er ekki lögbrot af því tagi sem dómstólar okkar fást við. Slík afbrot gerir hver og einn upp eftir þeirri réttlætistilfinningu, sem býr í brjósti hans sjálfs. Og margt skilur á milli, þegar um er að ræða þá tilfinningu og þann skilning, sem hver einstaklingur hefur í hjarta sínu, á lífi og örlögum þjóðar sinnar. Það er hins vegar eftirkomenda okkar að dæma, í ljósi sögunnar, hver það var, sem glæpinn drýgði, — og hvers eðlis sá glæpur var. Ég óttast ekki þann dóm.

Stefnendur mínir saka mig ennfremur um að halda því fram, að verstu hrakyrði tungunnar séu ekki nothæf um framferði þeirra og hlutdeildarmanna þeirra. Það er alveg rétt, svo langt sem það nær, því megininntak hinna tilvitnuðu ummæla minna hér er einmitt það, að orð dugi tæpast lengur, til að tefla fram mínum málstað gegn þeirra, — eða öfugt. Stór hluti þjóðarinnar

er að mínu viti ófær um að mynda sér hlutlæga skoðun á ástandinu í sjálfstæðismálum þjóðarinnar í dag, vegna þeirrar meðferðar, sem tungan sjálf hefur mátt þola, í átökum undanfarinna áratuga. Orð, sem áður voru merkingarbær og flestum auðskilin, hafa nú glatað merkingarþrótti sínum og ná ekki lengur eyrum alþýðu. Slík orð falla dauð niður á pappírinn, þegar síst skyldi.

Í þeim ummælum úr bréfi mínu til Háskólaráðs, sem stefnendur tilfæra, er verið að ræða um undirskriftasöfnunina og aðstandendur hennar í heild, en ekki stefnendur þessa máls eina, þannig að vafasamt verður að teljast, að þessi stefna teljist lagalega fullnægjandi, ef ástæða þykir til að koma yfir mig lögum út af nefndum ummælum.

Ég vísa auk heldur á bug ásökunum stefnenda um ærumeiðandi ummæli í bréfinu, þar sem ég var aðeins með því að leita mér þeirrar uppreisnar gagnvart Háskólaráði, sem réttmæta verður að telja, vegna þeirrar lítillækkunar, sem mér var sýnd á sama vettvangi, með kröfu stefnenda þessa máls um áminningu, vegna hegðunar sem ósamboðin væri háskólaborgara, mér til handa.

Bréfið var að mestu leyti heimspekilegur samanburður á huglægri afstöðu minni og pólitískra andstæðinga minna (VI–14), sem borinn var fram í réttlætningarskyni fyrir mig sjálfan, í þeirri von að skiljanlegt væri þeim sem læsu. Því hafði ég ekkert við það að athuga að bréfið kæmi fyrir augu lesenda Stúdentablaðsins.

III. Með vísun til þess, sem áður er komið fram hér að framan, að þau ummæli sem stefnt er út af skv. II & III eru samhljóða, þá vísast alfarið um rökstuðning minn og málsbætur skv. III, til þess sem fram kemur samkvæmt II.“

Í greinargerð lögmanns stefnda segir svo: „Í þessari greinargerð mun ég ekki fara út í neinar útskýringar á hinum umstefndu ummælum, með því að umbjóðandi minn leggur fram aðilaskýrslu í málinu, þar sem hann sjálfur útskýrir þau, rökstyður og réttlætir.

Þó get ég ekki orða bundist yfir rökstuðningi stefnenda fyrir því að telja ummæli nr. 2: „Menn sem skipuleggja hreyfingu meðal landa sinna um að óska eftir áframhaldandi hersetu erlends stórveldis . . .“, vera refsiverð sbr. 234. og 235. gr. almennra refsilaga, en rökstuðningurinn er sá, að það sé rangtúlkun að tilgangur stefnenda og annarra sem stóðu að „Vörðu Landi“ hafi verið að óska eftir áframhaldandi hersetu.

Þessi rökstuðningur sýnir vel fátíðni þessara málaferla, en í honum örlar einnig fyrir glóruleisu ofstæki.

Í undirskriftayfirlýsingu sinni segja stefnendur: „Við undirritaðir skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi íslensku þjóðarinnar með því að leggja á hilluna ótímabær áform um brottvísun varnarliðsins.“

Hvernig er hægt að skilja þetta orðalag yfirlýsingarinnar öðru vísi en umbjóðandi minn gerði, þ. e. að undirskrifendur væru að óska eftir því að láta herinn vera áfram, en ekki fara?

Stefnukröfum í máli þessu er mótmælt í heild. Þótt sum ummælanna yrðu dæmd dauð og ómerk, er fráleitt að dæma refsingu eða miskabætur.

Sérstaklega er mótmælt kröfunum um miskabætur, sem eru örökstuddar með öllu. Opinber ummæli eins stefnenda, Jónatans Þórmundssonar, prófessors, um að hann muni gefa tildæmdar miskabætur til góðgerðarstarfsemi í landinu, benda frekar til þess að stefnendur séu að safna fé til að létta á samvisku sinni, en að þeir hafi orðið fyrir miska, sem þeir þurfi að fá uppbættan með peningagreiðslum frá umbjóðanda mínum. Alls ekki er sann- að eða gerð sennileg, að hin átöldu ummæli hafi bakað stefnendum tjón.

Varðandi refsikröfuna vil ég að lokum taka þetta fram: Vegna almenningshagsmuna er óhjákvæmilegt, að umræður um opinber málefni njóti nokkurs frjálsræðis. Hef ég rökstutt það hér að framan, og leyfi mér til áréttingar að vitna í 10. kafla doktorsritgerðar dr. Gunnars Thoroddsens, prófessors, Fjölmæli, á bls. 232—249.

Við þessi rök er rétt að bæta, að hér kemur til álita hin gamla og góða regla Grágásar um „orðhefnd“. Þessa retorsio reglu er nú að finna í 239. gr. almennra refsilaga og nær hún ekki aðeins til orða heldur einnig til athafna. Undirskriftasöfnun stefnenda og tölvuaufritun var pólitísk athöfn, sem hlaut að vekja andsvar. Umbjóðandi minn er einn þeirra, sem ekki gátu orða bundist. Atferli stefnenda vakti honum bæði viðbjóð og reiði og ber því með stoð í 239. gr., sbr. 74. gr. almennra refsilaga að telja ummælin refsilaus.

Um þann kröfuflið stefnenda, að stefndi verði dæmdur til að sjá um að dómur í máli þessu, forsendur og dómsorð, verði birtur í fyrsta og öðru tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa, sbr. 22. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956, er það að segja, að með því að útgefandi þessa blaðs og/eða nú-

verandi ritstjóra hefur ekki verið stefnt inn í mál þetta, ber að sýkna umbjóðanda minn af þessum kröfulið vegna aðildarskorts.“

Álit dómsins.

Almennt.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða“.

Í meiðyrðamálum er það viðfangsefnið, hversu lagt menn mega ganga í tjáningu sinni, án þess að þeir verði beittir þeim viðurlögum, sem hegningarlög mæla fyrir um. Við þetta mat verður að gæta ýmissa sjónarmiða, svo sem að opinberri umræðu séu ekki settar óþarfa skorður, upplýsinga- og gagnrýnis skyldu fjölmiðla sé ekki sett of þröng mörk, eðli umræðunnar og hverjar tjáningarvenjur gilda um slíka umræðu. Þá verður að gæta þess, að umræðan sé málefnaleg og standist almennar velsæmiskröfur.

Allt frá því er Alþingi samþykkt, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949 og gerður var á grundvelli hans varnarsamningur við Bandaríkin 1951 (eins og segir í upphafi þess samnings), hefur þessi varnarsamningur verið eitt aðalátakamál íslenskra stjórn mála. Umræðan hefur oft verið óvægín og á stundum fremur háð á tilfinninga- en málefna- grundvelli. Mörg óviðurkvæmileg ummæli hafa fallið á báða hóga. Í þessari umræðu hafa ákveðin orð verið notuð um dvöl herliðsins, og er orðnotkunin oft lýsandi fyrir skoðun notanda á dvöl herliðsins.

Aðstandendur „Varins lands“, sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórn málaátökum og látið til sín heyra á opinberum vettvangi, einmitt um dvöl bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli, hófu að safna undirskriftum um áframhaldandi dvöl liðsins að gefnu tilefni af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem túlka mátti sem upphaf endurskoðunar samningsins um herdvölin. Þeir máttu vita, að framtak þeirra hlyti ámæli andstæðinga herdvalarinnar.

Í þessu máli þykir ekki verða horft fram hjá áralangri umræðu um dvöl hersins, þeim aðstæðum, sem urðu stefnendum hvatning til undirskriftasöfnunarinnar, og að söfnunin setur aðstandendur hennar í sviðsljós opinberra stjórn málaátaka.

Þá ber þess að geta, að vestræn lýðræðisríki byggja stjórnskipun sína á þeim grunni, að gert sé út um stærri mál annað

hvort af þingi, kjörnu leynilegri kosningu eða með leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu. Undirskriftasafnanir hafa á síðari árum rutt sér til rúms hérlandis og hafa reynst máttugt baráttutæki. Almennt verður þó að viðurkenna, að almennar undirskriftasafnanir séu yfirleitt í nokkurri andstöðu við þá meginreglu, sem lýst er hér að framan, og hafi í sér fólgnar ýmsar hættur. Framkvæmd þeirra er oft til þess fallin að valda persónulegum óþægindum og árekstrum manna á meðal. Almenn undirskriftasöfnun eins og stefnendur efndu til í svo viðkvæmu deilumáli sem dvöl bandaríska herliðsins hér á landi er, var sem slík fallin til að valda ófriði.

Þá er enn til þess að taka, að þegar um stjórn málaátök er að ræða sem hér, eru ummæli, enda þótt talin séu varða við hegningarlög, síður til þess fallin að meiða þann, sem þeim er beint að.

Enn fremur þykir hér verða að líta til þess, að fram er komið, að innan Háskólans höfðu verið deilur um ýmis efni, þar á meðal á milli stúdenta og prófessora um skiptingu innritunargjalda og hver skyldi vera hlutur Stúdentaráðs í þeim gjöldum eða hvort framlög til Stúdentaráðs skyldu innheimt sérstaklega. Deilur þessar gengu það langt, að um þær var fjallað í dagblöðum. Meðal annars ritaði einn stefnenda tvær greinar um málefni Háskólans og stúdenta í Morgunblaðið sumarið 1973.

Hér þykir einnig verða að líta til tilefnis bréfs stefnda til rektors Háskóla Íslands, dags. 27. maí 1974.

Ofangreind sjónarmið þykja leiða til þess, að stefnendur verði, eins og hér stendur á, að þola harkalegri umræðu en venjulegt má teljast, án þess að það verði látið varða ummælenda ábyrgð.

Ummælin.

Ummæli þau, sem urðu tilefni málssóknar stefnenda, birtust í I. Stúdentablaðinu, 1. tbl., er út kom 25. janúar 1974, II. Stúdentablaðinu, 4. tbl., er út kom 5. júní s. á., og III. bréfi til rektors Háskóla Íslands, dags. 27. maí 1974, sem lagt var fram á fundi Háskólaráðs. Stefndi var ritstjóri og ábyrgðarmaður Stúdentablaðsins, þegar framangreint 1. tölublað þess kom út, en ummæli hans í 2. tölublaði blaðsins eru í grein (bréfi), sem hann er nafngreindur höfundur að. Stefndi ber því ábyrgð á ummælunum skv. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Þegar greinar þær eru lesnar, sem hin umstefndu ummæli birtust í, þá kemur fram, að ummælunum er beint að stefnendum, a. m. k. virðist það ljóst varðandi ummælin, sem talin eru

undir lið I, 1–5 í stefnu og II, 1. Þau ummæli, sem talin eru undir II, 2 og 3, virðast beinast að forgöngumönnum „Varins lands“ í heild, en þegar til þess er litið, að ummæli þessi eru í bréfi, sem stefndi ritaði rektor Háskólans, og þegar til tilefnis bréfsins er litið, þá þykja stefnendur geta tekið ummæli þessi til sín.

I.

1. Með vísan til röksemda þeirra, sem raktar eru í almennu athugasemdunum hér að framan, þykja ummæli þessi ekki verða færð undir ákvæði hegningarlaga.

2. Af greininni kemur fram, að hin umstefndu ummæli beinast að stefnandanum Þorsteini Sæmundssyni. Fram er komið, að innan Háskólans hafa verið skiptar skoðanir um skiptingu innritun-argjalda og hver hlutur Stúdentaráðs skyldi vera. Enda þótt stefnda hafi ekki líkað tillögur Þorsteins Sæmundssonar í ágreiningsmáli þessu, þá réttlætir það ekki þessi ummæli, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir með vísan til röksemda þeirra, sem fram koma í almennu athugasemdunum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

3. Ummæli þessi beinast að stefnandanum Jónatan Þórmundssyni. Ummælin þykja óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en með vísan til þeirra röksemda, sem fram koma í almennum athugasemdum hér að framan, þykir ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

4. Ummæli þessi beinast að stefnandanum Jónatan Þórmundssyni. Fram er komið, að þarna mun átt við grein stefnandans Jónatans, sem birtist í Morgunblaðinu 21. júlí 1973, sú grein hefur verið lögð fram í málinu svo og grein eftir sama, sem birtist í Morgunblaðinu 4. ágúst 1973. Ummæli þessi þykja ekki verða færð undir ákvæði hegningarlaga.

5. Ummæli þessi beinast að stefnandanum Þór Vilhjálmssyni. Ummælin þykja óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir með vísan til þeirra röksemda, sem fram koma í almennu athugasemdunum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

6. Ummæli þessi tekur stefnandinn Þór Vilhjálmsson til sín. Þegar málsgreinin, sem ummælin birtust í, er lesin, þá verður ekki séð, að stefnandinn Þór Vilhjálmsson eigi aðild vegna ummæla þessara, og verður því að sýkna stefnda að kröfum stefnenda vegna þessara ummæla.

II.

1. Ummæli þessi þykja ekki verða heimfærð undir ákvæði hegningarlaga.

2. Með vísan til þess, sem rakið er í almenna kaflanum hér að framan, þykja ummæli þessi ekki verða heimfærð undir ákvæði hegningarlaga, enda verður ávarp forgöngumanna „Varins lands“ og texti undirskriftaskjalanna ekki öðru vísi skilinn en svo, að undirskrifendur óski eftir áframhaldandi dvöl bandarísks herliðs hér á landi.

3. Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir með vísan til þeirra sjónarmiða, sem rakin eru í almennu athugasemdunum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir þau.

III. Ummæli þau, sem hér er stefnt út af, eru þau sömu og talin eru undir II, 1, 2 og 3. Niðurstaða dómsins að því er þessi ummæli varðar er sú sama og rakin er hér að framan undir lið II, 1, 2 og 3.

Bótakrafan.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, beinast að stefnendum sem fjögurra af fjórtán forgöngumönnum undirskriftasöfnunarinnar „Varins lands“ og þannig að athöfnum þeirra, sem telja verður til stjórnmalastarfsemi. Tilefni bréfsins, sbr. liði II og III í stefnu, er það atferli stefnenda að kæra til Háskólaráðs skrif stefnda í 1. tbl. Stúdentablaðsins 1974. Óþægindi þau, sem þeir telja sig hafa orðið fyrir, eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða, hvort þau eru tilkomin vegna skrifa stefnda eða almennt af stjórnmalastarfsemi þeirra. Af þessum ástæðum og annars með hliðsjón af því, sem segir í almennu athugasemdunum hér að framan, þykja stefnendum ekki verða dæmdar bætur í máli þessu.

Með vísan til þeirra röksemda, sem greinir í almennu athugasemdunum hér að framan, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnenda um kr. 25.000 til þess að standast kostnað af birtingu dóms samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Krafa stefnenda um, að stefndi verði dæmdur til að sjá um, að dómur í máli þessu verði í heild birtur í 1. eða 2. tbl. Stúdentablaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins, verður ekki tekin til greina, en rétt þykir, að stefndi sjái um, að birtar verði forsendur og dómsorð í máli þessu í 1. eða 2. tbl. Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.
Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ummæli stefnda, Rúnars Ármanns Arthúrssonar, sem birtust í Stúdentablaðinu, 1. tbl., er út kom 25. janúar 1974, Stúdentablaðinu, 4. tbl., er út kom 5. júní s. á., og bréfi til rektors Háskóla Íslands, dags. 27. maí 1974, sem lagt var fram á fundi Háskólaráðs, og talin eru í stefnu undir I 2, 3, 5, II 3 og sömu ummæli undir lið III og talin eru undir lið II 3, skulu ómerk.

Stefnda, Rúnari Ármanni Arthúrssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa verði birt í 1. eða 2. tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. maí 1977.

Nr. 45/1976. **Ásgeir Þorleifsson**

(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

**Landhelgisgæslu Íslands og
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
til réttargæslu**

(Gunnar Möller hrl.).

Opinberir starfsmenn. Uppsögn. Kjarasamningar.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Afrýjaði afrýjaði máli þessu upphaflega til Hæstaréttar